# Ársskýrsla 2012

**Faxaflóahafnir** sf
Associated
Icelandic
Ports






## Horft á hafið

**Við stöndum á ströndinni**
**í stjörnuskininu,**
**höldumst í hendur**
**og horfum á hafið,**
**brún skerin,**
**bláar öldurnar,**
**hvítt brimið**
**og stefnulaust flug fuglanna**
**yfir fjörunni.**
**Við höldumst í hendur,**
**horfumst í augu**
**og skynjum hafið,**
**hafið óþrotlega,**
**sem milli okkar ólgandi dynur.**

**Þorvaldur Sæmundsson**
(1918–2007)

**Sandkorn við sæ, 1988**




Gunnbjörn Marinósson

# Höfnin hundrað ára



Sautjánda apríl árið 1913 fór eimreiðin Minör í sína fyrstu ferð frá Grandanum upp í Öskjuhlíð að ná í grjót. Þá var hafin hafnargerð í Reykjavík. Á næstu fjórum árum voru garðarnir tveir lagðir, Ingólfsgarður og Norðurgarður, sem mynda mynni gömlu hafnarinnar með gulum vitum á sitt hvorum enda.

Forsaga hafnargerðarinnar er nokkuð löng. Árið 1855 tóku lög um fullkomið verslunarfrelsi gildi og nokkru síðar var ákveðinn hafnartaxti fyrir Reykjavík og stofnuð hafnarnefnd. Svo liðu heil 58 ár þar til hafist var handa við hafnargerðina eftir stöðuga áeggjan kaupmanna og verslunarstjóra í Kvosinni. Þeir vildu fá örugga höfn sem næst verslunarhúsum sínum og skemmum.

Gamla höfnin var alhliða fiski- og flutningahöfn allt til ársins 1968. Þá færðust vöruflutningar inn í Sundahöfn. Undanfarin ár hefur öll fiskvinnsla verið flutt frá austurhluta hafnarinnar yfir í Vesturhöfnina. Þar landa nokkur helstu útvegsfyrirtæki landsins afla sínum: HB Grandi, Brim og Ögurvík. Ekki má gleyma að nefna minni fyrirtæki eins og Fiskkaup,Toppfisk, Aðalbjörgu og Sindrafisk. Sum þeirra eru fjölskyldufyrirtæki þar sem reynsla og þekking hefur safnast í gegnum ættliði.

HB Grandi byggir nú kæligeymslu á landfyllingu við Norðurgarð. Þar verður geymslurými fyrir um það bil 6000 tonn af fiski. Sá fiskur verður fluttur beint þaðan með svokölluðum brettaskipum til áfangastaða erlendis í stað þess að keyra hann í gámum í gegnum miðbæinn inn í Sundahöfn. Það mun létta á þungaumferð á Mýrargötu og Geirsgötu. Fyrirtækið hefur í samráði við Faxaflóahafnir og Samband Íslenskra Myndlistarmanna efnt til samkeppni meðal myndlistarmanna um myndlistarverk sem eiga að prýða austurgafl geymslunnar. Lögð verður sérstök áhersla á svæðið á landfyllingunni austur af kæligeymslunni verði aðlaðandi almenningsrými.

Af tæplega 170 fyrirtækjum sem starfrækt eru á Grandanum og í Örfirisey tengjast 60 sjávarútvegi beint eða óbeint. Í september á síðasta ári opnuðu Íslenski sjávarklasinn og Faxaflóahafnir „Hús Sjávarklasans“ í Bakkaskemmu við Grandagarð 16. Tilgangurinn er að efla samvinnu tækni- og þjónustufyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi. Þar eru nú þegar 11 fyrirtæki. Stefnt er að tvöföldun á þessu rými í Bakkaskemmu þannig að í húsinu verði rösklega 20 fyrirtæki. Að loknum framkvæmdum verður Hús Sjávarklasans mjög öflug tækni- og þjónustumiðstöð í sjávarútvegi, líklega sú stærsta sinnar tegundar í Norður Atlantshafi.

Faxaflóahafnir sf vilja og eiga að sýna frumkvæði í umhverfismálum. Stjórn fyrirtækisins samþykkti fyrir tveimur árum að setja sér metnaðarfulla, heildstæða umhverfisstefnu. Í góðu samræmi við það ákvað stjórnin í nóvember á síðasta ári að fela starfshópi þriggja sérfræðinga á sviðum efnafræði, loftdreifingar og lífríkis að fara yfir stöðu umhverfisvöktunar við iðnrekstrarsvæðið á Grundartanga. Niðurstaðan liggur nú fyrir í skýrslu um fjölþætta úttekt á umhverfisáhrifum.

Mörg dæmi eru um úttekt á umhverfisáhrifum hér á landi en eftir því sem næst verður komist hafa áhrif heils iðnaðarsvæðis á umhverfi sitt ekki verið tekin út, líkt og hér er gert. Faxaflóahafnir sf hljóta að afla eins áreiðanlegra upplýsinga um umhverfismál á athafnasvæðum fyrirtækisins og kostur er. Það er forsenda málefnalegrar umræðu í samfélaginu og gerir fyrirtækinu um leið kleift að taka umhverfislega ábyrgar ákvarðanir um þróun athafnasvæða.

Að lokum skal þess getið að stjórn fyrirtækisins telur að áhugaverð tækifæri felist í því að sveitarstjórnir Reykjavíkur og Akranes efli samvinnu sína í hafnsækinni ferðaþjónustu.

*Hjálmar Sveinsson, stjórnarformaður Faxaflóahafna sf.*


Gunnbjörn Marinósson



# Ávarp hafnarstjóra

Uppbygging hafna Faxaflóahafna sf. átti sér langan aðdraganda. Hafnarsjóður var stofnaður í Reykjavík árið 1856 en 57 ár liðu þar til hafist var handa um byggingu hafnarmannvirkja Gömlu hafnarinnar. Á Akranesi og í Borgarnesi voru hafnarmál mönnum einnig hugleikin og ófullkomin aðstaða kallaði á framkvæmdir sem hófust um 1930. Á þessum stöðum voru traust hafnarmannvirki forsenda útgerðar, innflutnings, þjónustu og verslunar og þó svo að þróun þessara hafna hafi verið ólík þá dylst engum mikilvægi þeirra. Í Reykjavík varð miðstöð togaraútgerðar, verslunar og þjónustu, sem með sínum hætti skapaði trausta undirstöðu höfuðborgarinnar. Á Akranesi þróaðist öflug útgerð og í Borgarnesi voru flutningar á sjó mikilvægir Borgfirðingum allt þar til Borgarfjarðarbrúin leysti höfnina af hólmi. Síðar komu til hafnarmannvirki í Sundahöfn og á Grundartanga, en báðar hafnirnar hafa haft mikil áhrif á atvinnu- og efnahagslíf við Faxaflóa. Þannig verða traustir innviðir í höfnum aldrei skildir frá gróskumiklu efnahags- og athafnalífi á landi.

Miðað við nágranna okkar erlendis er hafnarsaga á Íslandi stutt. Hins vegar hafa margar hafnir á Íslandi þróast um flest með sama hætti og stærri hafnir erlendis og margt breyst á tiltölulega stuttum tíma. Hjá Faxaflóahöfnum sf. hefur sífelld þróun átt sér stað í Gömlu höfninni, ekki síst á síðustu árum með tilkomu haftengdrar ferðaþjónustu og Hörpunni og á öllum hafnarsvæðum fyrirtækisins eru umhverfis- og öryggismál sífellt mikilvægari. Þannig bera nýir tímar með sér ný viðfangsefni, sjónarmið og áskoranir þó svo að grunnverkefnið sé sífellt það sama: Að skapa hafnaraðstæður í þágu athafna- og atvinnulífs.

Árið 2012 var Faxaflóahöfnum sf. prýðilegt um margt. Afkoma fyrirtækisins var sem fyrr vel viðunandi, efnahagur þess sterkur og umsvifin ívið batnandi. Aukning varð í afla og almennum flutningum á milli ára og veruleg aukning í umsvifum vegna skemmtiferðaskipa, en þeim auknu umsvifum skiluðu stærri skip sem nú koma til hafnar. Lóðaeftirspurn var hins óveruleg svipað og síðustu ár, en eykst vonandi á komandi tíð og helst þannig að áhugaverðir kostir skili uppbygginu og framleiðslu.

Til framtíðar litið búa Faxaflóahafnir sf. að sterkum efnahag og á grundvelli langtímaáætlunar í framkvæmdum getur fyrirtækið búið í haginn fyrir jákvæða þróun atvinnu- og efnahagslífs. Fyrirtækið getur einnig á grundvelli skilvirkrar stefnu eigenda sinna stuðlað að eflingu þeirrar starfsemi á hafnarsvæðunum sem miklu skiptir að efla. Þar má sem dæmi nefna aukna fullvinnslu sjávarafurða, en á sviði útgerðar og fiskvinnslu eru enn mörg tækifæri sem þjóðin getur nýtt á þessu svið. Íslenski sjávarklasinn, sem tekið hefur til starfa í Bakkaskemmu er gott dæmi um hvernig Faxaflóahafnir sf. geta tekið þátt í að ýta úr vör mikilvægri þróunarstarfsemi, sem leiða mun til aukinnar verðmætasköpunar og fullnýtingar úrvals hráefnis úr hafinu. Fiskur og sjávarafurðir eru og verða sú sérgrein þar sem íslendingar kunna til verka. Umhverfisvæn framþróun á því svið með þátttöku Faxaflóahafna sf. er til þess fallin að styrkja starfsemina við hafnirnar og skapa þau störf sem til lengri tíma verða eftirsóknarverð. Hafnsækin starfsemi hefur breyst og mun breytast. Því er mikilvægt að Faxaflóahafnir sf. taki þátt í breytingum og þróun á hafnarsvæðunum með það leiðarljós að öflug hafnarstarfsemi styrki samfélagið.

*Gísli Gíslason, hafnarstjóri*

# Skýrsla stjórnar Faxaflóahafna sf. og hafnarstjóra á ársfundi Faxaflóahafna sf. 17. maí 2013

## Inngangur

Umsvif Faxaflóahafna sf. og afkoma fyrirtækisins voru á árinu 2012 í meginatriðum samkvæmt því sem lagt var upp með samkvæmt áætlunum um rekstur og framkvæmdir. Rekstrarafkoma var reyndar heldur betri en gert var ráð fyrir og góðir áfangar að baki í verklegum framkvæmdum. Afli sem landað var hjá Faxaflóahöfnum sf. var sambærilegur því sem var árið 2011, en góð veiði á uppsjávarfiski skilaði nokkurri aukningu á milli ára. Útflutningur á vörum jókst nokkuð en innflutningur dróst lítilsháttar saman. Sú þróun er í sjálfu sér hagfelld og nokkur óvissa er þó áfram um þróun innflutnings. Nokkrum lóðum var úthlutað á árinu í Gömlu höfninni og á Grundartanga, en lóðaeftirspurn er þó enn í lágmarki. Skipakomum fjölgaði lítilsháttar og í brúttótonnum varð veruleg aukning með stækkandi skemmtiferðaskipum. Sú þróun kallar á ákveðna aðgæslu í öryggismálum og er unnið að viðbragðsáætlun á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Almennt var árið 2012 hagfellt Faxaflóahöfnum sf. þar sem sú óvissa sem verið hefur í efnahagsmálum fer minnkandi án þess þó að búast megi við verulegum breytingum til hins betra á næstu misserum. Sígandi lukka er eflaust best í þeim efnum, en án nokkurs vafa eru ýmis góð tækifæri fyrir hendi sem máli skiptir að spila vel úr. Faxaflóahafnir sf. hafa með styrkum fjárhag slagkraft til þess að leggja sitt að mörkum í endurreisn og vexti efnahagslífsins. Samkvæmt samgönguáætlun Alþingis fyrir árin 2012 – 2022 eru Faxaflóahafnir sf. og einkum Sundahöfn, megingátt flutninga til og frá Íslandi. Sú staða setur fyrirtækinu á herðar þær skyldur að hafnir fyrirtækisins og bakland þeirra séu vel í stakk búin til að sinna því mikilvæga hlutverki.

**Eignaraðilar Faxaflóahafna sf. og eignarhlutir þeirra voru í lok desember 2012 eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 75,55% |
| Akraneskaupstaður | 10,78% |
| Hvalfjarðarsveit | 9,31% |
| Borgarbyggð | 4,13% |
| Skorradalshreppur | 0,22% |

Í byrjun árs 2012 var gengið frá sölu Borgarbyggðar á 0,7044% hlut sveitarfélagsins til sameigenda og var sameignarsamningi breytt til samræmis við það.

## Stjórn fyrirtækisins

Á aðalfundi Faxaflóahafna sf. þann 11. maí 2012 voru eftirtaldir aðilar skipaðir í stjórn fyrirtækisins:

**Frá Reykjavíkurborg:**

| | |
|---|---|
| Aðalmenn: | Hjálmar Sveinsson, *formaður* |
| | Páll Hjalti Hjaltason, *varaformaður* |
| | Júlíus Vífill Ingvarsson |
| | Björk Vilhelmsdóttir |
| | Hanna Birna Kristjánsdóttir |
| Varamenn: | S. Björn Blöndal |
| | Arna Garðarsdóttir |
| | Gísli Marteinn Baldursson |
| | Dagur B. Eggertsson |
| | Kjartan Magnússon |

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir var í janúar 2013 tilnefnd í stað Kjartans Magnússonar.

**Frá Akraneskaupstað:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Sveinn Kristinsson |
| Varamaður: | Einar Benediktsson |
| Áheyrnarfulltrúi: | Gunnar Sigurðsson |
| Vara áheyrnarfltr. | Einar Brandsson |

**Frá Hvalfjarðarsveit:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Sigurður Sverrir Jónsson |
| Varamaður: | Ása Helgadóttir |

**Frá Borgarbyggð og Skorradalshreppi:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Páll Brynjarsson |
| Varamaður: | Geirlaug Jóhannsdóttir |

**Áheyrnarfulltrúi starfsmanna kosinn af starfsfólki:**

| | |
|---|---|
| Aðalmaður: | Kristjana Óladóttir |
| Varamaður: | Ingi Halldór Árnason |

# Afkoma ársins 2012

Afkoma ársins 2012 var viðunandi og reyndar betri en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Tekjur voru 247,1 mkr. umfram áætlun en rekstrarútgjöld nærri áætlun en þó 47,0 mkr. umfram áætluð útgjöld. Þá voru fjármagnsliðir nokkuð umfram þær forsendur sem gengið var út frá í fjárhagsáætlun. Rekstrarhagnaður varð meiri en áætlað hafði verið eða sem nemur 161,8 mkr.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. árið 2012 voru kr. 2.731.097.122 sem er 11,4% hækkun tekna á milli áranna 2011 og 2012. Ef frá eru teknar óreglulegar tekjur er breytingin á milli ára um 6,75%. Aflagjöld voru í samræmi við fjárhagsáætlun ársins, en 47,0 mkr. lægri en árið 2011. Landaður afli var nokkurn veginn sambærilegur á milli ára og staða íslensku krónunnar einnig, þannig að lækkunin skýrist að stærstum hluta af lækkandi verðum á erlendum mörkuðum. Vörugjöld voru 36,0 mkr. yfir áætlun og skýrist af eilítið meiri vöruflutningum milli ára. Þá voru tekjur af skipum (skipagjöld) 60,0 mkr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir, en sú aukning skýrist m.a. af aukinni stærð þeirra skemmtiferðaskipa sem koma til hafnar í Reykjavík. Í brúttó rúmlestum er aukningin á milli ára um 1,5 milljón tonna, sem er aukning um 21%.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2012 voru kr. 2.226.634.427 og hækka að krónutölu á milli ára um 128,4 mkr. eða um 6,1%. Rekstrargjöld voru hins vegar 47,3 mkr. hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir eða sem nemur 2,17%.

Að teknu tilliti til fjármunaliða var rekstrarhagnaður ársins 2012 alls 367,4 mkr. sem er 118,7 mkr. betri niðurstaða en árið 2011. Niðurstaða ársins varð því betri sem nemur 161,8 mkr. ef miðað er við fjárhagsáætlun.

Eignir voru í árslok samtals 12,9 Ma.kr. og lækka um 84,0 mkr. á milli ára. Langtímaskuldir Faxaflóahafna sf. voru í árslok 1.660,9 mkr. og lækka um 186,7 mkr. eða um 10,1%. Meginskýring þess er að á árinu greiddu Faxaflóahafnir sf. upp lán hjá Íslandsbanka upp á 175,0 mkr. og að auki voru greiddar upp lífeyrisskuldbindingar við Lífeyrissjóð Akraness upp á 75,4 mkr. Þá var gengið frá endurskoðun og lækkun vaxta á láni hjá Landsbankanum.

Skammtímaskuldir eru nánast óbreyttar á milli ára. Handbært fé frá rekstri var 51,6 mkr. hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga lækkaði handbært fé um 70,0 mkr. og var í árslok 678.2 mkr.

# Fjárfestingar og framkvæmdir á árinu 2012

Skipting fjárfestinga eftir hafnarsvæðum er eftirfarandi:

| | Fjárhæð | Skipting |
|---|---|---|
| Gamla höfnin | 134,3 | 12,6% |
| Sundahöfn | 750,9 | 70,3% |
| Grundartangi | 168,0 | 15,7% |
| Akranes | 14,5 | 1,4% |
| Tæki og búnaður | 12,3 | 1,2% |
| Alls | 1.080,0 | 100% |

*Millj.kr.*

Í Gömlu höfninni í Reykjavík var unnið að endurnýjun efri hæðar Bakkaskemmu en þar var á haustdögum opnaður Íslenski sjávarklasinn ehf., sem er klasi fyrirtækja tengd sjávarútvegi. Á efri hæð Bakkaskemmu eru nú í tæplega 1000 fermetra húsnæði ein 10 fyrirtæki auk frumkvöðlaseturs í sjávarútvegi. Unnið er að undirbúningi á stækkun þessarar aðstöðu enda samdóma álit að vel hafi tekist til í að laða að áhugaverð fyrirtæki í Bakkaskemmu undir merkjum sjávarklasans. Starfsemin er afar góð og þörf viðbót við annars fjölbreytta fyrirtækjaflóru í Örfirisey og sóknarfæri fyrir hendi til að fá fleiri fyrirtæki til að hasla sér völl í framleiðslu og nýsköpun á svæðinu. Þá var unnið að gerð jarðvegsmanar í samræmi við deiliskipulag á Hólmaslóð, en mönin skilur að atvinnulóðir og olíubirgðastöðina í Örfirisey. Á jarðvegsmöninni er göngu- og hjólastígur sem tengist göngustíg við ströndina. Þá stóðu Faxaflóahafnir sf. fyrir verulegum endurbótum á lóðum og svæðum við Ægisgarð og svonefnt Slippfélagshús, en þar opnaði Marina Hótel á vordögum 2012.

Í Sundahöfn var unnið að lengingu Skarfabakka sem verður meginverkefni í Sundahöfn árin 2012–2014. Verkefnið var boðið út í lok árs 2011 og um mitt ár 2012 fór verkið af stað. Eftir nokkra byrjunarörðugleika við niðurrekstur á stálþili er verkið í meginatriðum samkvæmt áætlun. Þá var unnið að endurbótum á Kleppsbakka, sem er orðinn aldurhniginn og



Haukur Snorrason

*Akranes.*

Haraldur Bjarnason



þarfnaðist lagfæringar þannig að bakkinn geti þjónað hlutverki sínu í nokkur ár í viðbót eða þar til nýr bakki utan Klepps leysir hann af hólmi.

Af hálfu Reykjavíkurborgar, í samvinnu við Faxaflóahafnir sf., hefur verið skoðað hvernig megi standa að færslu á starfsemi Björgunar ehf. á nýtt athafnasvæði og í framhaldi önnur fyrirtæki við Ártúnshöfða sem falla ekki að framtíðar landnotkun og þróa land á svæðinu í samræmi við aðalskipulag. Til skoðunar er sá valkostur að færa Björgun ehf. tímabundið á hafnarsvæðið utan Klepps og stendur sú athugun yfir.

Á Grundartanga var unnið áfram að undirbúningi lengingar Tangabakka. Sá undirbúningur er langt kominn og unnið hefur verið að nauðsynlegri jarðvegsvinnu. Sá verkhluti sem lýtur að kaupum á stálþili og bakkagerðinni sjálfri bíður ársins 2013. Þá var unnið að gatna- og lóðagerð auk ýmissa umhverfisverkefna.

Á Akranesi var unnið að dýpkun við Faxabryggju vegna innflutnings á sementi og í Borgarnesi var unnið að minniháttar umhverfisverkefnum á hafnarsvæðinu og gerð skábrautar til sjósetningar smábáta.

Haukur Snorrason



*Sundahöfn.*

Haukur Snorrason



*Grundartangi.*

## Skipulags- og lóðamál

Í aprílmánuði 2011 skipaði borgarráð Reykjavíkur starfshóp sem fékk það verkefni að vinna rammaskipulag svæðisins frá Sjóminjasafni að Hörpu. Starfshópurinn lauk störfum á árinu 2012 og skilaði tillögum sínum til borgarráðs Reykjavíkur. Í framhaldi var gengið til viðræðna við Reykjavíkurborg um sölu á nærri 20.000 fermetrum lands norðan Mýrargötu og lauk viðræðum með gerð kaupsamnings. Reykjavíkurborg vinnur nú að endurgerð deiliskipulags á svæðinu í samræmi við þá rammaskipulagstillögu sem starfshópurinn gerði.

Á Grundartanga var unnið að deiliskipulagi á vestursvæði og á austursvæði vegna framkvæmda Landsnets ehf. við styrkingu á spennivirkjum fyrirtækisins.

Gengið var frá samkomulagi milli Vatnsveitufélags Hvalfjarðar sf. og Elkem Island ehf. um vatnsöflun en vatnsveitufélagið er að hálfu í eigu Faxaflóahafna sf. á móti Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdir við öflun aukins vatns á Grundartanga eru því hafnar og þó svo að samningur aðila sé tímabundinn er aðgerðin veruleg bót bæði fyrir Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit.  Eftir sem áður er mikilvægt að huga áfram að varanlegri og nægjanlegri vatnsöflun fyrir Grundartangasvæðið.

Í Gömlu höfninni var lóð við Norðurgarð úthlutað til HB-Granda hf. en fyrirtækið byggir nú nýja frystigeymslu vegna starfsemi sinnar. Í tengslum við úthlutun lóðarinnar var gert samkomulag um að HB-Grandi hf. stæði fyrir samkeppni um útlit og/eða listskreytingu á ytra byrði geymslunnar og hefur verið unnið að því verkefni. Í samkomulaginu var einnig kveðið á um útlit og frágang annarra fasteigna á lóðum HB Granda hf. Þá var gengið frá samkomulagi við Brim hf. um að fyrirtækið leggi fram tillögur um og vinni að endurnýjun fasteignarinnar Geirsgata 11, en lítil starfsemi hefur verið í húsinu um nokkurt skeið.

Í Sundahöfn lauk fyrirtækið Iceland Excursions ehf. við byggingarframkvæmdir og lóðar-frágang og af hálfu Faxaflóahafna sf. voru úr sér gengnar húseignir við Kjalarvog rifnar, en á þeirri lóð er nú rými til uppbyggingar fyrir hafnsækna starfsemi.

## Umhverfismál

Á grundvelli umhverfisstefnu Faxaflóahafna sf. ákvað stjórn Faxaflóahafna sf. að láta gera umhverfisúttekt á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Upphaflega voru áætlanir uppi um víðtækari úttekt, en niðurstaðan varð að marka úttektinni ramma innan lands í eigu Faxaflóahafna sf. Til verkefnisins voru fengnir Guðjón Jónsson, efnaverkfræðingur, Jón Guðmundsson, líffræðingur og sérfræðingur varðandi loftdreifingu, Sigurður M. Garðarsson, forseti verkfræðideildar Háskóla Íslands en hann er umhverfisverkfræðingur. Allt frá upphafi rekstrar járnblendiverksmiðjunnar hefur umhverfi Grundartanga verið vaktað samkvæmt samþykktri áætlun umhverfisyfirvalda. Með óháðri úttekt er leitast við að fá staðfestingu á þeim mælingum sem gerðar hafa verið á svæðinu enda er það í þágu fyrirtækjanna sem þar eru og Faxaflóahafna sf. að mælingar og rannsóknir séu yfir allan vafa hafnar. Samhliða því er afar áhugavert að kanna hvort unnt sé




Gunnbjörn Marinósson

að nýta hluta þeirrar orku sem streymir ónýtt frá iðjuverunum á Grundartanga og finna leiðir hvernig að því megi standa. Ætla má að endurnýting orku á Grundartanga geti orðið afar eftirtektarverð og mikilvæg endurvinnsla og í raun sjálfsögð miðað við það orkumagn sem hingað til hefur borist ónýtt frá verksmiðjunum.

Unnið var að úrlausn á flæði- og kerbrotagryfjuaðstöðu á Grundartanga fyrir stóriðju-fyrirtækin, en í starfsleyfum þeirra er gert ráð fyrir að farga megi ákveðnum úrgangsefnum í slíkar gryfjur. Af hálfu Faxaflóahafna sf. hefur áhersla verið lögð á að efni sem kemur til förgunar sé nothæft landfyllingarefni. Ljóst er hins vegar að Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun gera nú strangari kröfur til staðsetningar og rekstur flæði- og kerbrotagryfja og hefur verið tekið tillit til þess af hálfu Faxaflóahafna sf. m.a. með því að afmarka slíkar gryfjur á deiliskipulagi. Rekstur og frágangur gryfjanna er hins vegar á ábyrgð stóriðjufyrirtækjanna.

Brýnt er að framtíðaruppbygging á Grundartanga taki mið af því að ný starfsemi valdi sem minnstum umhverfisáhrifum, styðjist við græna orku og skapi sem flest störf í framleiðslu og flutningum. Innviðir svæðisins eru mjög sterkir með öflugu afhendingarkerfi á raforku, ákjósanlegu landi til þróunar og góðri hafnaraðstöðu.

Á árinu 2012 var samþykkt í stjórn Faxaflóahafna sf. ramma-samningur við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri um samstarf í umhverfismálum og eru þegar farin af stað tvö verkefni samkvæmt þeim samningi, annars vegar meistara-ritgerð nemanda um Katanessvæðið og hins vegar verkefni við sjávargæðamælingar. Sjávargæðamælingarnar eru gerðar á grundvelli tillögu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, en sýni og mælingar sem heilbrigðiseftirlitið gerði á völdum stöðum á hafnarsvæðunum í október 2012 bera með sér gott ástand þó svo að skoða þurfi 2–3 staði betur m.a. með áframhaldandi mælingum.



Gunnbjörn Marinósson

Á grundvelli skýrslu frá Verkís hf. var fráveituskurðum Katanes-tjarnar lokað með það fyrir augum að endurheimta votlendi tjarnarinnar. Árangur þess mun þó ekki sjást til skemmri tíma, en ætlunin er að fylgjast með hækkun vatnsyfirborðs og þróun fuglalífs og gróðurfars við tjörnina eftir því sem fram vindur. Verkefnið er því hugsað til þess að auka fjölbreytni á iðnaðar- og athafnasvæðinu, varðveita þekktan söguslað, bæta aðgengi almennings og sem mótvægisaðgerð þar sem hærri vatnsstaða Katanestjarnar eykur bindingu kolefnis sem numið getur allt að 200–300 tonnum á ári.

## Tölfræði

Flutningar um hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. og sjávarafli jókst lítillega eftir kyrrstöðu árin 2009–2011. Í vöruflutningum er aukningin á milli ára um 2,3% en nokkuð misjöfn hreyfing á milli einstakra vöruflokka. Ánægjulegast er að sjá aukningu í útflutningi, en innflutningur dróst lítillega saman. Aflamagn jókst á milli ára um 4,8% en aðallega vegna aukins uppsjávar-afla á meðan eilítill samdráttur var í bolfiski. Hér að neðan má sjá þróun áranna 2005–2012:

**Vöruflutningar um hafnir Faxaflóahafna sf.** (tonn)




**Þróun landaðs afla hjá Faxaflóahöfnum frá 2006 til 2012 er eftirfarandi:**

| Sjávarafli | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 44.319 | 65.632 | 25.071 | 24.833 | 34.708 | 34.201 | 46.351 |
| Reykjavík | 95.690 | 110.377 | 107.803 | 105.044 | 108.968 | 113.961 | 108.957 |
| Alls | 140.009 | 176.009 | 132.874 | 129.877 | 143.676 | 148.162 | 155.308 |

Á árinu 2011 komu alls 1.471 skip yfir 100 brt. til Faxaflóahafna sf. og er það örlítil aukning á milli ára. Veruleg aukning er hins vegar í fjölda brúttótonna þar sem sífellt stærri skemmtiferðaskip leggja leið sína til Reykjavíkur. Brúttótonnafjöldi skipa á árinu 2012 var 8,4 milljónir tonna og jókst um 1,5 milljón tonna á milli ára.

**Skipakomur 2005–2012**




Sem fyrr segir fara skemmtiferðaskip sem koma til hafnar í Reykjavík stækkandi og farþegum þar með fjölgandi. Á árinu 2013 er ljóst að sú þróun mun halda áfram auk þess sem fleiri skip munu koma til hafnar en árið 2012.

**Komur skemmtiferðaskipa og fjöldi farþega**




Í lok árs 2012 voru 63 fastráðnir starfsmenn hjá Faxaflóahöfnum sf. Að teknu tilliti til sumarafleysinga og sumarstarfa í Bækistöð eru ársstörf innan fyrirtækisins um 66.

| Störf | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|
| Hafnarþjónusta | 31 | 31 | 32 |
| Bækistöð | 14 | 14 | 13 |
| Tæknideild | 3 | 3 | 3 |
| Skrifstofa | 12 | 12 | 12 |
| Fasteignir | 1 | 1 | 2 |
| Siglingavernd – Umhverfismál | 1 | 1 | 1 |
| Alls | 62 | 62 | 63 |

Að auki eru um 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð og 1–2 til í afleysingum í hafnarþjónustu yfir sumarmánuði.

Ástæða er til að færa starfsfólki Faxaflóahafna sf. þakkir fyrir vel unnin störf og hlutdeild í ágætum árangri árið 2012.

# Ýmis atriði

Á árinu 2011 var samþykkt að hefja ritun sögu hafna innan Faxaflóahafna sf. m.a. í ljósi þess að árið 2013 verða 100 ár liðin frá upphafi hafnargerðar í Gömlu höfninni í Reykjavík og árið 2017 verða 100 ár liðin frá því að framkvæmdum lauk. Mikil mannlífs- og efnahagssaga er samofin starfseminni í Gömlu höfninni og önnur hafnarsvæði eiga sér einnig merkilega sögu um þróun og starfsemi. Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur sem vinnur að verkefninu miðar við að skila handriti sínu á fyrri hluta árs 2013 í samræmi við samning þar um.

Á grundvelli samkomulags milli Faxaflóahafna sf. og Þórshafnar í Færeyjum siglir kútterinn Westward Ho til Akraness og Reykjavíkur í tengslum við hátíð hafsins þriðja hvert ár. Fyrsta siglingin samkvæmt samkomulaginu var á árinu 2012 og tókst í alla staði vel. Áhöfnin var skipuð Íslendingum og Færeyingum og við komu skipsins til Akraness, Reykjavíkur og Þórshafnar var efnt til viðburða í tengslum við siglinguna. Árangur þessa samkomulags má m.a. sjá í því að Faxaflóahafnir sf. tóku virkan þátt í því að stofnað hefur verið Færeyskt-íslenskt verslunarráð, en ráðið var stofnað í nóvembermánuði og er því ætlað að efla tengsl fyrirtækja í löndunum á sviði verslunar, menningar og fleiri þátta sem leiða af sér aukin viðskipti milli þeirra.

Þann 29. október 2012 héldu Faxaflóahafnir sf. árlegt málþing með notendum hafnarinnar í þjónustumiðstöðinni á Skarfabakka og tókst það ágætlega. Að vanda var Hátíð hafsins haldin fyrstu helgina í júnímánuði. Í októbermánuði opnuðu Faxaflóahafnir sf. aðstöðu á Skarfabakka fyrir móttöku á frystum fiski og var með því bætt úr aðstöðu hvað þetta varðar og ætlunin að auka sókn fyrirtækisins á þessu sviði.

Með stækkandi skemmtiferðaskipum er mikilvægt að hyggja að ýmsum mikilvægum atriðum varðandi þjónustu og öryggi. Meðal annars er brýnt að fyrir liggi trygg viðbragðsáætlun viðeigandi yfirvalda í því tilviki að hætta sé á ferðum innan

hafnarsvæðis Faxaflóahafna sf. eða í næsta nágrenni utan þess. Í framhaldi af umræðum í stjórn Faxaflóahafna sf. var hafin gerð viðbragðsáætlunar á vegum almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, sem miðað er við að verði tilbúin á fyrri hluta árs 2013.

Á árinu 2012 var sem fyrr gott samstarf milli Faxaflóahafna sf. og markaðsskrifstofu Íslandsstofu, sem hefur komið Faxaflóahöfnum sf. og staðarkostum á Grundartanga á framfæri þegar erlendir aðilar hafa leitað eftir upplýsingum um áhugaverða staði til að hefja á starfsemi. Þetta samstarf er mikilvægt og m.a. var tekið þátt í sameiginlegu markaðsátaki til að laða að framleiðendur á svonefndum Carbon fiber.

Faxaflóahafnir sf. eiga hluti í hlutafélögunum Eignarhaldsfélaginu Speli hf. og Halakoti ehf. Eignarhaldsfélagið Spölur hf. er eigandi hlutafjár í Speli ehf., sem á og rekur Hvalfjarðargöng. Rekstur þess félags er samkvæmt þeim áætlunum sem lagðar voru til grundvallar göngunum og er gert ráð fyrir að uppgreiðslu lána þar ljúki á árinu 2018, en þá verður mannvirkið afhent ríkinu. Halakot ehf. var stofnað til að byggja aðstöðu fyrir smærri útgerðaraðila á Akranesi. Í húsinu sem reist var á árinu 2011 og 2012 eru sex mismunandi stór bil og eru fjórar einingar seldar en Halakot ehf. á enn tvær einingar, sem hafa verið auglýstar til sölu.

Á árinu 2004 gengu í gildi lög um hafnarvernd á Íslandi. Í þeim fólst að hafnir þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að teljast útflutningshafnir vegna flutninga til ESB landa og Bandaríkjanna. Til þess að mæta kröfum laganna hafa m.a. Faxaflóahafnir sf. fjárfest í nauðsynlegum búnaði og öryggiskerfum. Á síðustu misserum hefur færst í vöxt að óboðnir aðilar hafa gert tilraunir til að komast inn á öryggissvæði og um borð í flutningaskip. Sú þróun hefur haft áhrif á þjónustustig flutningaskipa þegar þau koma til hafnar erlendis, einkum í Bandaríkjunum. Viðræður hafa átt sér stað milli Faxaflóahafna sf., skipafélaganna, innanríkisráðherra og þeirra stofnana sem heyra undir ráðuneyti hans, um hvernig unnt sé að bregðast við án þess að auka til muna þann kostnað sem fylgir hafnarverndarreglum, enda lendir sá kostnaður á endanum á eigendum farms.



Haraldur Bjarnason

Í maímánuði 2012 var gengið frá samstarfssamningi við allar björgunarsveitir Landsbjargar sem sinna björgun á sjó á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. Gerður var samningur til fimm ára við sveitirnar en samningurinn felur í sér fjárhagslegan stuðning við björgunarsveitirnar og skilgreiningu á hlutverki þeirra vegna björgunaraðgerða á hafnarsvæðunum þegar á þarf að halda.

## Niðurlag

Sem fyrr var ágætum áföngum náð á árinu 2012 hvort heldur sem litið er til einstakra verkefna eða afkomu fyrirtækisins. Fjárhagsstaða þess er traust og markmiðin á einstökum hafnarsvæðum skýr. Í Gömlu höfninni var áfram unnið að þróun lands þar sem markmiðið er að viðhalda öflugri starfsemi, einkum í útgerð, fiskvinnslu og ferðaþjónustu samhliða því sem hafnarsvæðið verði í auknum mæli hluti af miðborg Reykjavíkur. Í Sundahöfn er markmið Faxaflóahafna sf. að styrkja hafnarsvæðið sem miðstöð inn- og útflutnings, enda höfnin megingátt vöruflutninga landsins með fjölbreytt efnahags- og athafnalíf í næsta nágrenni. Á Grundartanga er markmið Faxaflóahafna sf. að skapa iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði sem leiði af sér fjölbreytt og öflugt atvinnulíf byggt á nýtingu á grænni orku þar sem umhverfismálum er sinnt af ábyrgð. Á Akranesi er það markmið Faxaflóahafna sf. að styrkja höfnina sem fiskihöfn, en þar er hlutverk fyrirtækisins fyrst og fremst að skapa forsendur fyrir útgerðir og fyrirtæki að nýta þá aðstöðu sem í höfninni er. Samhliða því markmiði eru án vafa tækifæri í ferðaþjónustu sem hafa verið vannýtt síðustu ár. Í Borgarnesi eru tækifæri tengd framtíðar skipulagi í Brákarey. Eftir samdrátt og kyrrstöðu efnahagslífsins á síðustu árum kann grundvöllur til hagvaxtar að vera betri en áður þótt vissulega skipti þar fjölmargir þættir máli. Sú staða hefur jákvæð áhrif á Faxaflóahafnir sf. þó svo að áfram verði gætt varkárni í rekstri og framkvæmdum. Hafnarsvæði Faxaflóahafna sf. búa yfir fjölmörgum tækifærum, sem fyrirtækið hefur með ýmsan hátt möguleika á að hafa áhrif á. Það má m.a. sjá af þátttöku Faxaflóahafna sf. í Íslenska sjávarklasanum ehf., endurskipulagningu svæðisins í Suðurbugt og Vesturbugt, land- og lóðaþróun á Grundartanga og fleiri verkefnum sem skilað hafa góðum árangri. Ný tækifæri eru fyrir hendi á ýmsum sviðum m.a. tækifæri tengd þjónustu við norðurslóðir í samvinnu við nágranna okkar í Grænlandi og Færeyjum, tækifæri til sóknar í fullvinnslu sjávarafla og þróun vél- og hugbúnaðar á því sviði auk ýmissa tækifæra á sviði framleiðslu sem byggist á grænni orku. Allt leiðir þetta til fjölgunar atvinnutækifæra, aukinnar verðmætasköpunar og aukinna flutninga, sem hafnarfyrirtæki er mikilvægt ekki síður en samfélaginu öllu.

Reykjavík 11. mars 2013

Hjálmar Sveinsson, *formaður stjórnar Faxaflóahafna sf.*

Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*


Reykjavíkurhöfn
Landgerð 1900–2024
Grundartangi
Gamla höfnin
Skýringar
Mörk hafnarsvæða
Strandlína 1900
Upprunalegt land
Landfylling til 2008
Væntanleg landfylling
Upprunalegt land: 176,4 ha
Fylling til 2008: 155,3 ha
Framtíðarfylling: 49,5 ha
Alls: 381,2 ha


Akranes
Borgarnes
Gufunes
Sundahöfn
Ártúnshöfði



Gunnbjörn Marinósson

# Flutningar um hafnir Faxaflóahafna sf. árið 2012 (í tonnum)

| | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Innflutningur** | | | | | | | |
| Olía | 583.871 | 484.852 | 436.514 | 452.345 | 365.080 | 374.154 | 342.297 |
| Vörur til stóriðju | 719.312 | 980.957 | 805.701 | 994.166 | 1.042.311 | 1.110.674 | 1.092.338 |
| Bifreiðar | 37.359 | 38.718 | 22.392 | 3.580 | 5.598 | 9.885 | 14.832 |
| Byggingavörur | 171.510 | 196.809 | 101.543 | 67.800 | 67.305 | 69.394 | 69.928 |
| Laust korn | 72.402 | 85.623 | 60.846 | 25.130 | 57.855 | 74.569 | 75.107 |
| Ýmsar vörur | 703.411 | 817.752 | 670.816 | 456.222 | 396.341 | 463.669 | 465.674 |
| | 2.287.865 | 2.604.711 | 2.097.812 | 1.999.243 | 1.934.491 | 2.102.346 | 2.060.176 |
| | | | | | | | |
| **Útflutningur** | | | | | | | |
| Vörur frá stóriðju | 291.574 | 357.680 | 445.038 | 394.703 | 363.403 | 350.453 | 459.066 |
| Sjávarafurðir | 292.058 | 206.086 | 260.983 | 280.426 | 261.690 | 252.186 | 272.549 |
| Ýmsar vörur | 266.163 | 238.063 | 162.889 | 162.263 | 99.164 | 183.802 | 170.030 |
| | 849.795 | 801.829 | 868.910 | 837.392 | 724.257 | 786.441 | 901.645 |
| | | | | | | | |
| **Strandflutningar** | | | | | | | |
| Frá höfn | 189.804 | 182.824 | 123.984 | 182.386 | 123.131 | 95.734 | 15.254 |
| Til hafnar | 2.220 | 410 | 1.503 | 2.977 | 0 | 0 | 0 |
| | 192.024 | 183.234 | 125.487 | 185.363 | 123.131 | 95.734 | 15.254 |
| | | | | | | | |
| **Milliflutningar** | 56.390 | 49.146 | 40.170 | 64.720 | 34.938 | 36.116 | 51.711 |
| | | | | | | | |
| **Alls:** | 3.386.074 | 3.638.920 | 3.132.379 | 3.086.718 | 2.816.816 | 3.020.637 | 3.028.786 |
| | | | | | | | |
| **Dæld steinefni** | 1.425.722 | 1.305.086 | 956.215 | 361.680 | 204.000 | 203.000 | 116.780 |
| | | | | | | | |
| **Landaður afli** | 129.388 | 163.274 | 126.767 | 119.618 | 143.676 | 148.165 | 155.493 |
| | | | | | | | |
| **Alls:** | **4.941.184** | **5.107.280** | **4.215.361** | **3.568.016** | **3.164.493** | **3.371.802** | **3.301.059** |

### Innflutningur um hafnir Faxaflóahafna (í tonnum)




### Skipting innflutnings um hafnir Faxaflóahafna




### Fjöldi skipa um hafnir Faxaflóahafna

| | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Flutningaskip | 569 | 601 | 574 | 451 | 420 | 424 | 448 |
| Tankskip | 198 | 155 | 134 | 145 | 135 | 125 | 128 |
| Farþegaskip | 74 | 76 | 82 | 80 | 77 | 68 | 82 |
| Rannsóknar- og varðskip | 89 | 92 | 86 | 82 | 83 | 73 | 93 |
| Togarar og fiskiskip | 657 | 762 | 625 | 711 | 753 | 742 | 685 |
| Önnur skip | 35 | 23 | 24 | 35 | 45 | 22 | 35 |
| **Samtals** | **1.622** | **1.709** | **1.525** | **1.504** | **1.513** | **1.454** | **1.471** |

### Gámaflutningar um hafnir Faxaflóahafna í gámaeiningum (TEU)

| | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Til hafnar** | | | | | | | |
| Hlaðnir | 129.460 | 136.626 | 113.025 | 72.421 | 77.489 | 82.833 | 89.207 |
| Tómir | 14.615 | 12.160 | 19.737 | 24.018 | 19.019 | 19.620 | 22.699 |
| | 144.075 | 148.786 | 132.762 | 96.439 | 96.508 | 102.453 | 111.906 |
| | | | | | | | |
| **Frá höfn** | | | | | | | |
| Hlaðnir | 60.105 | 58.298 | 62.947 | 62.535 | 60.665 | 61.213 | 63.848 |
| Tómir | 73.454 | 84.664 | 71.442 | 34.842 | 35.605 | 36.184 | 44.764 |
| | 133.559 | 142.962 | 134.389 | 97.377 | 96.270 | 97.397 | 108.612 |
| | | | | | | | |
| **Samtals** | | | | | | | |
| Hlaðnir | 189.565 | 194.924 | 175.972 | 134.956 | 138.154 | 144.046 | 153.055 |
| Tómir | 88.069 | 96.824 | 91.179 | 58.860 | 54.624 | 55.804 | 67.463 |
| | **277.634** | **291.748** | **267.151** | **193.816** | **192.778** | **199.850** | **220.518** |

### Þjóðerni og fjöldi farþega skemmtiferðaskipa sem fara um hafnir Faxaflóahafna

| Land | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þýskaland | 13.022 | 19.275 | 21.817 | 22.119 | 20.604 | 20.841 | 21.404 | 25.564 | 22.378 | 35.039 |
| USA | 6.660 | 6.428 | 8.095 | 7.550 | 5.528 | 8.531 | 15.774 | 10.917 | 10.695 | 14.400 |
| England | 6.574 | 11.453 | 13.582 | 15.383 | 17.265 | 17.537 | 16.987 | 13.859 | 13.536 | 22.754 |
| Frakkland | 1.689 | 1.816 | 1.742 | 1.903 | 2.658 | 1.451 | 1.550 | 3.354 | 2.963 | 3.031 |
| Holland | 628 | 767 | 452 | 547 | 404 | 1.415 | 977 | 1.383 | 819 | 1.196 |
| Rússland | 555 | 179 | 660 | 595 | 238 | 531 | 243 | 264 | 257 | 330 |
| Kanada | 534 | 658 | 828 | 1.559 | 874 | 1.294 | 2.243 | 1.271 | 1.997 | 2.424 |
| Sviss | 444 | 735 | 777 | 560 | 607 | 1.035 | 947 | 931 | 1.315 | 1.608 |
| Austurríki | 317 | 396 | 513 | 805 | 616 | 743 | 862 | 965 | 1.127 | 1.389 |
| Belgía | 133 | 583 | 586 | 170 | 427 | 581 | 540 | 612 | 627 | 463 |
| Noregur | 44 | 19 | 27 | 24 | 275 | 50 | 69 | 68 | 102 | 209 |
| Ástralía | 44 | 106 | 203 | 286 | 370 | 455 | 499 | 625 | 1.041 | 2.468 |
| Ítalía | 40 | 1.018 | 1.689 | 1.215 | 1.031 | 1.296 | 1.336 | 2.192 | 1.270 | 1.093 |
| Spánn | 15 | 241 | 486 | 492 | 462 | 693 | 828 | 4.682 | 345 | 624 |
| Svíþjóð | 8 | 23 | 35 | 51 | 371 | 179 | 415 | 765 | 391 | 117 |
| Önnur Lönd | 557 | 933 | 3.303 | 1.964 | 1.799 | 2.676 | 4.193 | 2.681 | 3.810 | 4.809 |
| **Samtals** | **31.264** | **44.630** | **54.795** | **55.223** | **53.529** | **59.308** | **68.867** | **70.133** | **62.673** | **91.954** |
| | | | | | | | | | | |
| Ferðir | 58 | 70 | 77 | 74 | 76 | 83 | 80 | 74 | 67 | 81 |
| Meðaltal | 539 | 638 | 712 | 746 | 704 | 715 | 861 | 948 | 935 | 1.135 |

### Landaður afli í Reykjavík 2011 og 2012 (tonn)




### Landaður afli á Akranesi 2011 og 2012 (tonn)






Haukur Már Hauksson

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Ársreikningur Faxaflóahafna 2012

Haukur Már Hauksson



# Áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar

Faxaflóahafnir sf. annast rekstur hafna og hafnarsvæða á Akranesi, Borgarnesi, Grundartanga og Reykjavík.

Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 367,4 millj.kr. Eigið fé félagsins í lok árs nam um 10.918 millj.kr., en nam um 10.724 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá Faxaflóahöfnum sf. voru að jafnaði 68 og launagreiðslur félagsins námu um 506,7 millj.kr. á árinu.

**Eignarhlutur eigenda Faxaflóahafna sf. er eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 75,5551% |
| Akraneskaupstaður | 10,7793% |
| Hvalfjarðarsveit | 9,3084% |
| Borgarbyggð | 4,1356% |
| Skorradalshreppur | 0,2216% |

Vísað er til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og breytingar á eigin fé félagsins.

Hafnarstjóri og hafnarstjórn staðfesta hér með ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

*Reykjavík, 8. mars 2013*

Gísli Gíslason, *hafnarstjóri*

Hjálmar Sveinsson

Páll Hjaltason

Björk Vilhelmsdóttir

Júlíus Vífill Ingvarsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Sveinn Kristinsson

Páll Brynjarsson

Sigurður Sverrir Jónsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

*Til stjórnar Faxaflóahafna sf.*
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun hafnarstjóra og hafnarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, efnahag þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

*Reykjavík, 8. mars 2013*

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

Theodór Sigurbergsson, *löggiltur endurskoðandi*

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | *Fjárhagsáætlun* 2012 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Vörugjöld | 831.820.000 | 867.980.570 | 782.138.770 |
| Aflagjöld | 220.000.000 | 216.570.524 | 263.644.061 |
| Skipagjöld | 192.717.000 | 252.516.741 | 203.518.557 |
| Eignatekjur | 728.342.000 | 713.422.510 | 719.960.461 |
| Hafnarþjónusta | 323.925.000 | 355.633.581 | 301.475.284 |
| Siglingavernd | 187.200.000 | 207.467.841 | 177.548.117 |
| Söluhagnaður eigna og aðrar tekjur | 0 | 117.505.355 | 2.697.370 |
| | 2.484.004.000 | 2.731.097.122 | 2.450.982.620 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Hafnarvirki | ( 347.408.000 ) | ( 388.554.058 ) | ( 368.069.339 ) |
| Eignagjöld | ( 287.006.000 ) | ( 288.371.146 ) | ( 248.877.006 ) |
| Hafnarþjónusta | ( 338.527.000 ) | ( 352.772.103 ) | ( 337.281.657 ) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | ( 275.051.000 ) | ( 272.150.500 ) | ( 246.928.244 ) |
| Siglingavernd | ( 151.258.000 ) | ( 177.284.620 ) | ( 146.027.982 ) |
| Afskriftir | ( 780.000.000 ) | ( 747.502.000 ) | ( 751.021.647 ) |
| | ( 2.179.250.000 ) | ( 2.226.634.427 ) | ( 2.098.205.875 ) |
| Hagnaður fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 304.754.000 | 504.462.695 | 352.776.745 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og arður | 29.949.000 | 47.611.120 | 52.184.251 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | ( 129.103.000 ) | ( 184.689.897 ) | ( 156.304.267 ) |
| | ( 99.154.000 ) | ( 137.078.777 ) | ( 104.120.016 ) |
| Hagnaður ársins | 205.600.000 | 367.383.918 | 248.656.729 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2012

| Eignir | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | |
| Fasteignir og lóðir | 4.006.709.995 | 4.693.572.421 |
| Hafnir og mannvirki | 6.164.617.098 | 5.879.776.635 |
| Gatnakerfi | 737.047.767 | 639.202.106 |
| Bátar, bifreiðar, áhöld og tæki | 344.170.297 | 399.842.635 |
| | 11.252.545.157 | 11.612.393.797 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 123.912.110 | 121.868.621 |
| Langtímakröfur | 568.447.511 | 217.925.043 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | ( 79.104.830 ) | ( 94.007.539 ) |
| | 613.254.791 | 245.786.125 |
| **Fastafjármunir** | 11.865.799.948 | 11.858.179.922 |
| **Veltufjármunir** | | |
| Skammtímakröfur: | | |
| Viðskiptakröfur | 226.381.434 | 253.998.241 |
| Aðrar kröfur | 19.696.266 | 5.051.882 |
| Næsta árs og gjaldfallnar afborganir | 79.104.830 | 94.007.539 |
| Fyrirframgreiðslur | 5.500.000 | 0 |
| Handbært fé: | | |
| Sjóður og bankainnstæður | 678.182.360 | 748.188.389 |
| **Veltufjármunir** | 1.008.864.890 | 1.101.246.051 |
| **Eignir samtals** | 12.874.664.838 | 12.959.425.973 |

## Skuldir og eigið fé

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Eigið fé** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 10.917.939.731 | 10.723.555.813 |
| **Eigið fé samtals** | 10.917.939.731 | 10.723.555.813 |
| **Skuldbindingar** | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 0 | 75.355.000 |
| Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs | 0 | ( 4.340.000 ) |
| **Skuldbindingar** | 0 | 71.015.000 |
| **Langtímaskuldir** | | |
| Langtímaskuldir | 1.660.884.112 | 1.847.575.876 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | ( 268.955.933 ) | ( 226.735.207 ) |
| **Langtímaskuldir** | 1.391.928.179 | 1.620.840.669 |
| **Skammtímaskuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir | 210.802.782 | 193.713.982 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 85.038.213 | 119.225.302 |
| Áætluð lífeyrisþátttaka næsta árs | 0 | 4.340.000 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 268.955.933 | 226.735.207 |
| **Skammtímaskuldir** | 564.796.928 | 544.014.491 |
| **Skuldir samtals** | 1.956.725.107 | 2.235.870.160 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | 12.874.664.838 | 12.959.425.973 |

# Sjóðstreymi ársins 2012

| | *Fjárhagsáætlun* 2012 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | | |
| Frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins | 205.600.000 | 367.383.918 | 248.656.729 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 780.000.000 | 747.502.000 | 751.021.647 |
| (Söluhagnaður) tap | 0 | ( 116.675.443 ) | 0 |
| Verðbætur og gengismunur | 52.533.000 | 101.120.963 | 80.219.008 |
| Verðbætur hlutafjáreignar | 0 | ( 2.043.489 ) | ( 2.266.627 ) |
| Verðbætur langtímakrafna | ( 6.000.000 ) | ( 9.416.900 ) | ( 25.226.079 ) |
| | 1.032.133.000 | 1.087.871.049 | 1.052.404.678 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | 0 | 12.972.423 | 21.506.907 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 0 | ( 17.098.289 ) | 57.636.601 |
| | 0 | ( 4.125.866 ) | 79.143.508 |
| Handbært fé frá rekstri | 1.032.133.000 | 1.083.745.183 | 1.131.548.186 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | ( 800.000.000 ) | ( 1.079.964.471 ) | ( 882.678.924 ) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 0 | 472.494.778 | 0 |
| Eignarhlutar, breyting | 0 | 0 | ( 45.000.000 ) |
| Lóðasala (lóðaúthlutun) | 40.000.000 | 336.491.776 | 123.112.670 |
| Veitt skuldabréfalán | ( 30.000.000 ) | ( 412.872.010 ) | ( 93.434.503 ) |
| Afborganir langtímakrafna | 147.239.000 | 71.766.442 | 153.157.633 |
| Fyrirframgreiðslur | 0 | ( 5.500.000 ) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 642.761.000 ) | ( 617.583.485 ) | ( 744.843.124 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Ný langtímalán | 0 | 0 | 205.362.195 |
| Greiddar afborganir langtímalána | ( 190.736.000 ) | ( 287.812.727 ) | ( 92.220.262 ) |
| Greiddur arður | ( 173.000.000 ) | ( 173.000.000 ) | ( 173.000.000 ) |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 0 | ( 75.355.000 ) | ( 3.809.000 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 363.736.000 ) | ( 536.167.727 ) | ( 63.667.067 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 25.636.000 | ( 70.006.029 ) | 323.037.995 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 441.544.000 | 748.188.389 | 425.150.394 |
| **Handbært fé í árslok** | 467.180.000 | 678.182.360 | 748.188.389 |

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

# Grænt bókhald Faxaflóahafna 2012


Haraldur Bjarnason

## Yfirlýsing stjórnar

Upplýsingar í þessari skýrslu teljast eins réttar og þær geta orðið miðað við þau gögn sem liggja fyrir. Tölurnar eru ýmist fengnar úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætlaðar eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.

Stjórn Faxaflóahafna samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2012.

**Reykjavík, 8. maí 2013**

Hjálmar Sveinsson, *formaður*

Páll Hjaltason, vara*formaður*

Björk Vilhelmsdóttir

Júlíus Vífill Ingvarsson

Hanna Birna Kristjánsdóttir

Sveinn Kristinsson

Páll Brynjarsson

Sigurður Sverrir Jónsson



Gunnbjörn Marinósson

# Inngangur

Grænt bókhald er skilgreint sem efnisbókhald þar sem fram koma upplýsingar á tölulegu formi um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi starfsemi. Græna bókhaldið á þannig að sýna áhrif starfseminnar á umhverfið. Niðurstöður eru settar fram í svokölluðum lykiltölum sem eru mælikvarðar á magn eða frammistöðu viðkomandi umhverfisþáttar. Grænt bókhald gefur þannig upplýsingar um frammistöðu í umhverfismálum á sama hátt og rekstrarbókhald gefur upplýsingar um fjárhagslega frammistöðu.

Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002 hefur að markmiði að veita almenningi, félagasamtökum og stjórnvöldum upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Enn fremur er það markmið reglugerðarinnar að hvetja rekstraraðila til að fylgjast vel með helstu umhverfisþáttum starfseminnar og leitast við að tryggja að þróun starfseminnar sé jákvæð fyrir umhverfið. Faxaflóahafnir hafa birt grænt bókhald frá árinu 2006. Faxaflóahöfnum er ekki skylt að halda grænt bókhald en hafnarstjórn samþykkti árið 2006 að koma í framkvæmd grænu bókhaldi og var það fyrsta gefið út með ársreikningi það ár. Tilgangur þess er að meta umhverfisáhrif rekstrar og innkaupa og áhrif af umhverfisstarfi Faxaflóahafna, lágmarka umhverfisáhrif af völdum starfseminnar og auka umhverfisvitund starfsmanna.

Vinnuhópur á vegum Faxaflóahafna skilgreindi 16 lykiltölur árið 2006 sem áhugavert og nauðsynlegt er að vakta. Grænt bókhald fyrir árið 2012 inniheldur tölulegar upplýsingar um 8 fyrstu lykiltölurnar eins og græna bókhaldið hefur gert undanfarin ár. Bornar eru saman lykiltölur áranna 2011 og 2012 og sést þannig hvaða árangur náðst hefur í umhverfismálum á milli ára. Á myndum má sjá lykiltölur síðustu fimm bókhaldsára. Á árinu 2012 var farið í sýnatökur á sjó á hafnarsvæðum Faxaflóahafna og fjöldi saurgerla rannsakaður. Í framhaldinu var ákveðið að hefja mánaðarlegar sýnatökur á alls tíu stöðum og fylgjast með fjölda saurgerla. Þessi vöktun hefst á árinu 2013

1. Raforka
2. Heitt og kalt vatn
3. Eldsneytisnotkun
4. Pappírsnotkun
5. Úrgangur og spilliefni
6. Mengunaróhöpp
7. Dýpkun hafna
8. Landfyllingar
9. Eiturefni og hættuleg efni
10. Mengun sjávar og sets
11. Mengun jarðvegs
12. Hávaði
13. Jarðvegsfok
14. Umferð á hafnarsvæðum
15. Nýting lands
16. Umhverfisvöktun samkvæmt mati á umhverfisáhrifum framkvæmda

Það er einlægur vilji hafnarstjóra að hjá Faxaflóahöfnum sé unnið markvisst að umbótum í umhverfismálum og að fylgst sé með frammistöðu í þeim málefnum. Faxaflóahafnir starfa eftir umhverfisstefnu sem samþykkt var í október 2011 og er birt í heild sinni á heimasíðu Faxaflóahafna.

# Almennar upplýsingar um fyrirtækið

Faxaflóahafnir eru sameignarfyrirtæki sem stofnað var á árinu 2004. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar auk Skorradalshrepps. Fyrirtækið tók til starfa á árinu 2005 við sameiningu hafnanna í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi.

Rekstur fyrirtækisins felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan felst í rekstri dráttarbáta, vita og sæmerkja, hafnarvoga, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða. Stöðugt hefur verið unnið að landfyllingum í Reykjavík sem skapa aukið landrými á athafnasvæði fyrirtækisins. Til þessara landfyllingar hefur verið nýtt það jarðefni sem fellur til við framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Landfyllingar hafa einnig átt sér stað á Grundartanga og má ætla að umfang þeirra muni vaxa á komandi árum. Rekstur húseigna felst í útleigu, viðhaldi og umhirðu húseigna í eigu fyrirtækisins. Til viðbótar er rekið áhaldahús sem auk þess annast rekstur bifreiða í eigu fyrirtækisins.



Gunnbjörn Marinósson

Í töflu 1 eru teknar saman almennar upplýsingar um fyrirtækið fyrir árið 2012 og til samanburðar eru þessar sömu upplýsingar birtar fyrir árið 2011. Ekki urðu miklar breytingar milli ára. Hafnarland við Sundahöfn stækkar um 1 ha. og við Grundartanga um 3 ha.. Síðan voru 2 ha. lands við Gömlu höfnina seldir á árinu. Samtals telst því flatarmál hafnarlands í eigu Faxaflóahafna hafa stækkað um 2 ha. milli ára.

Tafla 1. **Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir árið 2012 og árið 2011 til samanburðar.**

| | | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| Starfsmenn Faxaflóahafna, starfsígildi | fjöldi | 66 | 68 |
| Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna | fjöldi | 21 | 21 |
| Bátar í eigu Faxaflóahafna | fjöldi | 4 | 4 |
| Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta | | | |
| Gamla höfnin | ha / m | 65 / 3.474 | 67 / 3.314 |
| Sundahöfn | ha / m | 169 / 2.301 | 168 / 2.301 |
| Ártúnshöfði, Eiðsvík og Gufunes | ha / m | 100 / 196 | 100 / 196 |
| Grundartangi | ha / m | 699 / 640 | 696 / 640 |
| Akranes | ha / m | - / 1.432 | - / 1.432 |
| Borgarnes | ha / m | - / 61 | - / 61 |
| **Hafnarland og viðlegukantar alls** | **ha / m** | **1.033 / 8.104** | **1.031 / 8.104** |
| Lóðir í eigu Faxaflóahafna | ha | 342 | 342 |
| Húsnæði Faxaflóahafna, til eigin nota | | | |
| Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, | | | |
| í notkun Faxaflóahafna | m² | 1.672 | 1.672 |
| Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í leigu | m² | 4.127 | 4.127 |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | m² | 1.243 | 1.243 |
| Vigtarhús, Gömlu höfninni | m² | 93 | 93 |
| Vigtarhús Akranesi | m² | 32 | 32 |
| Hafnarhúsið Akranesi | m² | 211 | 211 |
| Þjónustuhús Skarfabakka | m² | 360 | 360 |
| **Húsnæði alls** | **m²** | **7.738** | **7.738** |
| Skipakomur (yfir 100 tonn) | | | |
| Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega | fjöldi | 81 / 91.954 | 68 / 62.673 |
| Önnur skip | fjöldi | 1.389 | 1.386 |
| Flutningar | tonn / TEU | 3.145.568 / 220.518 | 3.168.799 / 199.850 |

# Lykiltölur í grænu bókhaldi

## RAFORKA – NOTKUN OG SALA

Lykiltalan á við raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefnt sé að betri nýtingu raforku í byggingum og þar með að dregið verði úr notkun raforku milli ára. Hins vegar er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs þar sem aukin notkun raforku í skipum og bátum kemur í veg fyrir að þau noti olíu til að keyra ljósavélar. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða.

**Raforka – sala og notkun (kWst)**




Mynd 1. **Sala á rafmagni til skipa og báta á árunum 2008 til 2012 og rafmagnsnotkun Faxaflóahafna yfir sama tímabil. Sala til skipa og báta jókst um 14% milli áranna 2011 og 2012. Faxaflóahafnir sjá um sölu á öllu rafmagni til skipa á Akranesi allt árið. Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna dróst saman um tæplega 7% milli áranna 2011 og 2012.**

Tafla 2. **Raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sala raforku til skipa og báta árið 2012 og til samanburðar notkun árið 2011.**

| | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| | kWst | kWst | kWst / m² | kWst / m² |
| Raforkunotkun í byggingum | | | | |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | 111.553 | 115.640 | 90 | 93 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna | 336.095 | 356.982 | 58 | 62 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna* | 96.905 | 102.927 | 58 | 62 |
| Hafnarhús á Akranesi | 12.743 | 18.193 | 60 | 86 |
| Heildarraforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna | 460.391 | 490.815 | – | – |
| Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna | 221.201 | 236.760 | – | – |
| Rafdreifkerfi (rafmagn selt í skip og báta) | 5.220.909 | 4.559.769 | – | – |

**Áætluð notkun*

## HEITT OG KALT VATN – NOTKUN OG SALA

Lykiltalan á við notkun á heitu og köldu vatni í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að stefna að því að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta sem best þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna og við sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með innkeyptu magni af vatni og notkun er hægt að fylgjast með vatnslekum sem geta átt sér stað frá lögnum.

Tafla 3. **Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2012 og til samanburðar notkun árið 2011.**

| | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| | m³ | m³ | m³ / m³ | m³ / m³ |
| Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna | | | | |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna | 19.800 | 18.191 | 0,92 | 0,85 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna* | 5.710 | 5.246 | 0,92 | 0,85 |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | 7.749 | 8.707 | 1,1 | 1,2 |
| Vigtarhús, Gömlu höfninni | 2.798 | 1.439 | 9,3 | 4,8 |
| Vigtarhús Akranesi | 186 | 162 | 1,5 | 1,3 |
| Hafnarhúsið Akranesi | 621 | 677 | 0,82 | 0,9 |

**Áætluð notkun*

**Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna (m³)**




Mynd 2. **Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum ( m³ ) árin 2008 til 2012.**

**Heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna (m³/m³)**




Mynd 3. **Heitavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum (m³/m³) árin 2008 til 2012.**

Tafla 4. **Notkunarstuðull Orkuveitu Reykjavíkur fyrir heitavatnsnotkun í mismunandi tegundum húsnæðis.**

| **Tegund húsnæðis** | **m³/m³** |
|---|---|
| Verslunarhúsnæði | 0,6-0,8 |
| Skrifstofuhúsnæði | 0,5-0,8 |
| Iðnaðarhúsnæði | 0,4-1,0 |
| Lagerhúsnæði | 0,3-0,8 |

Tafla 5. **Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | **2012** | **2011** |
|---|---|---|
| | **m³** | **m³** |
| Kalt vatn, innkaup  fyrir bryggjur | 259.832 | 333.744 |
| Kalt vatn, sala í skip og báta | 73.667 | 61.336 |
| Hlutfall af seldu vatni | 28% | 18% |

**Kalt vatn – innkaup og sala (m³)**




Mynd 4. **Innkaup og sala á köldu vatni (m³) árin 2008 til 2012.**

**Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna (m³)**




Mynd 5. **Kaldavatnsnotkun í húsnæði sem nýtt er af Faxaflóahöfnum (m³) árin 2008 til 2012.**

Tafla 6. **Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna árið 2012 og til samanburðar kaldavatnsnotkun árið 2011.**

| | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| | $m^3$ | $m^3$ | $m^3/m^2$ | $m^3/m^2$ |
| Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna | | | | |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna | 1.804 | 2.007 | 0,2 | 0,3 |
| Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna* | 520 | 579 | 0,3 | 0,3 |
| Hafnarhúsið Akranesi | 43 | 100 | 0,1 | 0,5 |
| Bækistöð, Gömlu höfninni | 169 | 260 | 0,2 | 0,2 |

**Áætluð notkun*

## ELDSNEYTISNOTKUN

Lykiltalan á við notkun eldsneytis (skipaolíu, dísil og bensín) fyrir ökutæki og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna en díselolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa.

Tafla 7. **Eldsneytisnotkun og útstreymi gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu eldsneytis árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| | L | L | kg $CO_2$ ígildi | kg $CO_2$ ígildi |
| Heildarnotkun skipaolíu | 127.608 | 152.501 | 341.700 | 408.200 |
| Heildarnotkun dísils | 40.553 | 35.910 | 109.200 | 96.600 |
| Heildarnotkun bensíns | 7.126 | 9.378 | 16.600 | 21.800 |
| **Alls** | – | – | **467.500** | **526.600** |
| Meðaltalseyðsla skipaolíu pr. vélatíma aðalvélar | 66,3 | 52,6 | | |
| Meðaltalseyðsla dísils pr. 100 km | 12,9 | 14,5 | | |
| Meðaltalseyðsla bensíns pr. 100 km | 8,3 | 8,0 | | |
| Hlutfall losunar fyrir landið allt (%) | – | – | 0,010% | 0,011% |
| Hlutfall losunar við samgöngur (%) | – | – | 0,052% | 0,056% |




Mynd 6. **Útstreymi gróðurhúsalofttegunda (kg $CO_2$ ígildi) vegna brennslu eldsneytis árin 2008 til 2012.**



Gunnbjörn Marinósson

## PAPPÍRSNOTKUN

Lykiltalan á við um notkun skrifstofupappírs. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkun auðlindarinnar þar sem alltaf eru notaðar einhverjar óendurnýjanlegar auðlindir og orka við framleiðslu, flutning og förgun pappírsins.




Mynd 7. **Notkun skrifstofupappírs (kg/starfsmann) árin 2008 til 2012.**

Tafla 8. **Notkun skrifstofupappírs árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | kg | kg | kg / starfsm. | kg / starfsm. |
| Skrifstofupappír (A4 blöð) | 120.000 | 108.500 | 600 | 543 | 9,1 | 8,0 |

## ALMENNUR ÚRGANGUR OG SPILLIEFNI

Lykiltalan á við myndun og meðhöndlun almenns úrgangs og spilliefna. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á ábyrgan hátt. Lykiltalan tekur bæði til úrgangs sem myndast í eigin starfsemi en einnig til úrgangs sem myndast á hafnarsvæðum hjá einstaklingum og í starfsemi annarra fyrirtækja, sem Faxaflóahafnir sjá um að safnað sé inn frá. Faxaflóahafnir hafa  jákvæð umhverfisáhrif með því að bjóða upp á tanka fyrir úrgangsolíu og standa fyrir hreinsunarátaksverkefnum á hafnarsvæðinu. Þessar aðgerðir hafa þó í för með sér að magn úrgangs sem skrifast á Faxaflóahafnir eykst.



Gunnbjörn Marinósson

Tafla 9. **Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Úrgangstegundir** | **Meðhöndlun** | kg | kg |
| Gæðapappír | Endurvinnsla | 1.100 | 270 |
| Dagblöð og tímarit | Endurvinnsla | 1.610 | 620 |
| Bylgjupappi | Endurvinnsla | 1.055 | 1.305 |
| Blandaður úrgangur | Förgun | 10.250 | 11.470 |
| **Úrgangur alls** | - | **14.015** | **13.665** |

| **Meðhöndlun** | kg | % | kg | % |
|---|---|---|---|---|
| Úrgangur til förgunar | 10.250 | 73 | 11.470 | 84 |
| Úrgangur til endurvinnslu | 3.765 | 27 | 2.195 | 16 |

**Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, heildarmagn (kg)**




Mynd 8. **Almennur úrgangur frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu (kg) árin 2008 til 2012.**

**Úrgangur frá hafnarsvæði (kg)**




Mynd 9. **Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði (kg) árin 2008 til 2012.**

Tafla 10. **Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði árið 2012 og til samanburðar árið 2011**

| | | Reykjavík | | Grundartangi | | Akranes | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
| **Úrgangstegundir** | **Meðhöndlun** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** | **kg** |
| Blandaður úrgangur | Förgun | 13.980 | 6.632 | 7.180 | 7.280 | 8.335 | 4.380 | 29.495 | 18.292 |
| Bylgjupappi | Endurvinnsla | 4.550 | 3.620 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.550 | 3.620 |
| Grófur úrgangur | Förgun | 67.730 | 70.530 | 0 | 760 | 5.940 | 3.660 | 73.670 | 74.950 |
| Hjólbarðar til förgunar | Förgun | 38.460 | 44.217 | 0 | 0 | 9.230 | 0 | 47.690 | 44.217 |
| Málmar | Endurvinnsla | 29.220 | 17.820 | 0 | 0 | 0 | 0 | 29.220 | 17.820 |
| Gler og postulín | Förgun | 0 | 8.860 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8.860 |
| Timbur | Endurvinnsla | 10.380 | 11.130 | 0 | 0 | 4.740 | 0 | 15.120 | 11.130 |
| Timbur, litað og blandað | Endurvinnsla | 39.240 | 44.640 | 0 | 0 | 0 | 0 | 39.240 | 44.640 |
| WC úrgangur | Förgun | 7 | – | 0 | – | 0 | – | 7 | – |
| Garðaúrgangur | Endurvinnsla | 1.700 | 1.660 | 340 | 0 | 0 | 0 | 2.040 | 1.660 |
| **Úrgangur alls** | **–** | **205.267** | **209.109** | **7.520** | **8.040** | **28.245** | **8.040** | **241.032** | **225.189** |
| **Meðhöndlun** | | % | % | % | % | % | % | % | % |
| Úrgangur til förgunar | | 59 | 62 | 95 | 100 | 83 | 100 | 63 | 65 |
| Úrgangur til endurvinnslu | | 41 | 38 | 5 | 0 | 17 | 0 | 37 | 35 |

Tafla 11. **Úrgangstegundir og magn sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | | **2012** | **2011** |
|---|---|---|---|
| **Úrgangstegundir** | **Meðhöndlun** | **Magn** | **Magn** |
| Hjólbarðar | Endurvinnsla (þybbur) | 789 stk | 1.545 stk |
| Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum á höfuðborgar-svæðinu | Endurvinnsla (fyllingarefni) | 140.000 $m^3$ | 120.000 $m^3$ |

**Úrgangur – móttekinn og nýttur hjá Faxaflóahöfnum**
Ýmsar tegundir efna sem teljast til úrgangstegunda hjá einum aðila eru fyrirmyndarhráefni hjá öðrum. Dæmi um þetta eru slitnir hjólbarðar og fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum. Faxaflóahafnir taka á móti töluverðu magni af hjólbörðum á hverju ári sem notaðir eru í þybbur á bryggjur. Á árinu 2012 var tekið á móti 789 stk. af hjólbörðum sem notaðar voru í þybbur hjá Faxaflóahöfnum.

Tafla 12. **Úrgangsolía og önnur spilliefni safnað saman á hafnarsvæði árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| | **Úrgangsolía [ltr.]** | **Úrgangsolía [ltr.]** | **Önnur spilliefni [kg]** | **Önnur spilliefni [kg]** |
| Reykjavíkurhöfn | 7.410 | 1.400 | 2.257 | 673 |
| Akraneshöfn | 1.500 | 600 | 0 | 0 |
| Grundartangahöfn | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Spilliefni alls | 8.910 | 2.000 | 2.257 | 673 |




Mynd 10. **Spilliefni frá hafnarsvæðum (kg) árin 2008 til 2012.**

Gunnbjörn Marinósson




## MENGUNARÓHÖPP

Lykiltalan á við um mengunaróhöpp á hafnarsvæði, þar sem olía eða önnur mengandi efni berast í sjóinn, við bryggju og baksvæði þeirra. Ef magn mengandi efna er yfir 100 L ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið, en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.

Eins og fram kemur í töflu 13 hér fyrir neðan voru 3 mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2012.

Tafla 13. **Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | 2012 | 2011 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| | **Fjöldi** | **Fjöldi** | **Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn** | **Fjöldi / skipakomur yfir 100 tonn** |
| Tilkynnt óhöpp á landi | 0 | 1 | 0 | 0,001 |
| Tilkynnt óhöpp á sjó | 3 | 3 | 0,002 | 0,002 |
| **Mengunaróhöpp alls** | **3** | **4** | **0,002** | **0,003** |

Ekki var um nein meiri háttar mengunaróhöpp að ræða á árinu.

## DÝPKUN HAFNA

Lykiltalan á við um umfang dýpkunar hafna og mögulega nýtingu þess efnis sem verður til við dýpkun þeirra. Dýpkun hafna getur krafist þess að fjarlægja þurfi mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um tiltölulega ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast.

**Magn dýpkunarefnis (m$^3$)**




Mynd 11. **Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið (m$^3$) árin 2008 til 2012.**

Tafla 14. **Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | **2012** | **2011** |
|---|---|---|
| | **m$^3$** | **m$^3$** |
| Dýpkunarefni nýtt til landgerðar | 28.035 | 25.300 |
| Dýpkunarefni varpað í hafið | 61.494 | 8.300 |
| Heildarmagn dýpkunarefnis | 89.529 | 33.600 |

## LANDFYLLINGAR

Lykiltalan á við um landfyllingar sem eru hluti af stækkun hafnarsvæða og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).

**Magn efna til landfyllinga (m$^3$)**




Mynd 12. **Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting (m$^3$) árin 2008 til 2012.**

Tafla 15. **Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllingar árið 2012 og til samanburðar árið 2011.**

| | | **2012** | **2011** |
|---|---|---|---|
| | | **Magn** | **Magn** |
| Landsvæði til landfyllinga | ha | 1 | 1,5 |
| Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting | | | |
| Dýpkunarefni til landgerðar | m$^3$ | 28.035 | 25.300 |
| Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu | m$^3$ | 140.000 | 120.000 |
| Fyllingarefni í útboðsverkum | m$^3$ | 0 | 0 |
| Keypt fyllingarefni úr námum í sjó | m$^3$ | 0 | 0 |
| **Heildarmagn efnis til landfyllinga** | **m$^3$** | **168.035** | **145.300** |



Faxaflóahafnir sf. | Tryggvagötu 17 | 101 Reykjavík | Sími 525 8900 | Fax 525 8990 | hofnin@faxaports.is | www.faxaports.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 131275